



# Íþróttafélagið Gerpla

## **Leiðbeiningar til fararstjóra í ferðum á vegum Gerplu:**

1. Fararstjórar fá afhentan lista með þátttakendum í skipulagðri ferð á vegum Gerplu. Þar er sundurliðað hver ferðist með hópnum og svo hver gistir með hópnum þegar við á.
2. Fararstjórar fá afhent mótaskipulag og geta í kringum það smíðað annars konar dagskrá sbr. Ísferð, sundferð eða aðra afþreyingu.
3. Ef iðkendur þurfa að leggja út fyrir afþreyingu skal það liggja ljóst fyrir amk. viku fyrir brottför.
4. Starfsmaður Gerplu sér um að senda kostnaðaráætlun á forráðamenn.
5. Fararstjórar/umsjónamenn þurfa að gera ráðstafanir fyrir mat fyrir iðkendur og fararstjóra í millimál.
6. Millimál getur verið heimabakstur sem skipt er niður á milli forráðamanna í hópnum sem ferðast, skyrdrykkir, ávextir eða það sem fararstjórum dettur í hug. Hægt er að leita til MS til að fá vörur í styrki, bakarí til að fá brauðmeti eða hvað sem fararstjórum dettur í hug.
7. Kvöldvaka, ís- eða sundferðir. Fararstjórar/umsjónarmenn sjá um að skipuleggja kvöldvöku og ís – eða sundferðir (má líka vera önnur afþreying) og útbúa skipulag í kringum skipulag mótsins sem kemur vanalega 2 vikum fyrir mót.

**Ef spurningar vakna skal hafa samband við þjálfara eða deildarstjóra.**